

Við undirritaðir, Skeiða – og Gnúpverjahreppur kt 540602-4410 og Skógræktin kt. 590269-3449 annars vegar fyrir hönd veiðiréttareigenda að Fossá og Rauða í Þjórsárdal í Skeiða – og Gnúpverjahreppi, hér eftir nefnd leigusalar og Laugardalsá ehf (Flying fish Iceland ehf) kt. 651113-0750 hér eftir nefndur leigutaki, gerum hér með svohljóðandi samning með okkur um útleigu á veiðirétti í Fossá og Rauða

## Samningur

1.gr.

Leigutaki tekur Fossá og Rauða á leigu samkvæmt þeim skilmálum sem nánar er kveðið á um í samningi þessum.

2.gr.

Veiðitímabilið er frá 20. maí til 30. september. Veiðisvæðin eru tvö annað ofan Hjálparfoss og hitt neðan Hjálparfoss. Heimilt er að veiða með tveimur stöngum daglega á hvoru svæði. Öllum fiski sem veiðist ofan Hjálparfoss skal sleppt

3.gr.

Leigutaki skal auglýsa og selja veiðileyfi til almennings á ofangreindu tímabili. Leigutaki ákveður verð veiðileyfa.

4.gr.

Leigutaki annast eftirlit með veiðinni og sér um skráningu og skil veiðiskýrslna til veiðisala eða Veiðimálastofnunar. Sé skýrslum ekki skilað fyrir 1. Desember ár hvert fellur samningurinn úr gildi.

5.gr.

Leigutakar annast leiðbeinandi merkingar á veiðisvæðinu eftir því sem þeir telja þörf á í samráði við leigusala. Leigutaki ber kostnað sem af því hlýst.

6.gr.

Ákvörðun um seiðasleppingar verður tekin í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Skógræktina og Veiðimálastofnun sem fylgist með ástandi fiskistofna/seiða í ánni. Leigutaki ber kostnað af seiðaeldi.

7.gr.

Leigutakar taka við ánni þann 15 maí og láta hana af hendi þann 1. október ár hvert innan samningstímans. Samningur þessi gildir fyrir árin 2019, 2020, 2021 og 2022. Leigutakar greiða kr 2.500.000 fyrir árið 2019, kr 2.550.000 fyrir árið 2020, kr 2.550.000 fyrir árið 2021 og kr 2.650.000 fyrir árið 2022. Leigugreiðslur skulu taka hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Miðist hún við stig vísitölnnar í apríl 2019. Auk þess mun leigutakar flytja allt að 500 laxa á veiðisvæðið og planta 200 birkitrjám við efri hluta Fossár ef leyfi fást til þess.

Gjaldtagi er 1. júní ár hvert. Hafi greiðsla ekki borist eða um hana samið 1 júlí ár hvert fellur samningur úr gildi.

P.P. 

8.gr.

Ákveði veiðiréttareigendur að leigja ána áfram við lok leigutímans hafa leigutakar forleigurétt að ánni hafi þeir uppfyllt skilyrði samnings þessa.

9.gr

Leigutaki og leigusalar geta sagt upp samningi þessum með sex mánaða fyrirvara.

10.gr.

Verulegar vanefndir á samningi þessum af hálfu leigutaka heimila veiðiréttareigendum fyrirvaralausar riftun samnings að undangegni áminningu.

11.gr.

Leigutaki veitir leigusala upplýsingar eftir því sem óskað er að afloknu veiðitímabili hvert ár. Á sama tíma geta farið fram viðræður aðila ef annar hvor aðila óskar í þeim tilgangi að breyta ákvæðum samnings ef sérstakar ástæður kalla á og aðilar koma sér saman um.

12.gr

Réttindum og skuldbindingum veiðiréttareigenda gagnvart samningi þessum er heimilt að framselja til sérstaks veiðifélags í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps annars vegar og Skógræktarinnar hins vegar eða veiðideildar innan Veiðifélags Þjórsár. Verði stofnað veiðifélag eða deild innan veiðifélags Þjórsár Fossá og Rauða í Þjórsárdal.

13.gr

Aðilar samnings þessa eru sammála um að bæta veiðivörslu við Fossá og Rauða í Þjórsárdal.

Árnes 10 desember 2018

Fyrir hönd veiðiréttareigenda


  
Skógræktarinnar



Sveitarstjórn  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps


Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fyrir hönd leigutaka



Fyrir hönd Forsætisráðuneytis





*Þessi er að ræðri meðhöndlun  
Þurinn Þorsteinsson 150157-3929  
Kristján H. Gestsdóttir 291250-3579*